



Efni: Hjallabraut. Umsögn vegna aths.v/aðal.og dsk.br.

Á fundir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 26.05.2017 var samþykkt lýsinga vegna verulegrar aðalskipulagbreytinga er nær til svæði við Hjallabraut/Víðistaðatún. Lýsingin var send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og samþykkis.

Lýsingin var samþykkt en stofnunin lagði áherslu á að huga að að áhrifum tillögunnar á umhverfið og aðliggjandi íbúðarbyggð, samgöngu og samfélagsþjónustu.

Umsagnir þar til bærra aðila liggja fyrir ásamt greiningu á áhrif umferðar vegna ofangreindra atriða. Jafnframt var gerð viðbótar fornleifaskráning á því svæði sem breytingin nær til.

Lýsingin var auglýst til kynningar frá 17.-31. maí 2019 ásamt kynningarfundum í Hafnarborg þann 23. maí s.á. Gögn voru aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðar og nánari upplýsingar veittar hjá Umhverfis- og skipulagssviði bæjarins.

Greinagerð vegna breytinga á aðalskipulagi var uppfærð, dags. 03.12.2018, og gerð frekari grein fyrir þeim atriðum sem Skipulagsstofnun lagði áherslu á.

Ein athugasemd barst vegna lýsingar eftir kynningarfundinn. Þar komu fram áhyggjur íbúa vegna talsverðrar umferðaraukningar sem yrði með tilheyrandi loft- og hljóðmengun sér í lagi vegna lokunar vega frá Garðabæ. Einnig að útsýni frá húsunum við sævang muni glatast við breytingarnar.

Sævangur liggur töluvert neðar í landi en Hjallabraut og umrætt svæði. Nú er manngerð mön við Hjallabraut, sem er það svæði sem fyrirhugað er undir íbúðarbyggð. Íbúar við Sævang hafa því takmarkað útsýni yfir Víðistaðastæðið nú þegar bæði vegna hæðamismunar í landi og einnig vegna gróðurs í görðum og á framangreindri mön. Það verður því ekki séð hvernig sú tillaga sem nú liggur fyrir muni skerða útsýnið frekar. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir að áfram eigi að huga að grænu yfirbragði við fyrirhuguð hús og umhverfi þeirra.

Í allri umræðu um útsýni innan þéttbýlis skal það haft hugfast að byggð þróast og breytist. Hið byggða umhverfi er breytilegt og því geta umhverfisþættir eins og útsýni tekið stakkaskiptum. Útsýni er því ekki varanlegur kostur tiltekins staðar innan þéttbýlis.

Svör er varðar umferð koma fram neðar í skjalinu.

Á fundi bæjarstjórnar þann 5. febrúar 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu og að uppdrátturinn skuli auglýstur í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan var auglýst frá 2.4.-15.5 sl. og frestur til athugasemda síðan framlengdur til 2. júní 2020.

Á auglýsingartíma barst undirskriftarlisti sem ber yfirheitið *Verndum Víðistaðatún* ásamt bréfi með mótmælum þar sem fram kemur að á umræddu svæði sé fjölbreyttur gróður, hjóla- og göngustígur.

Undirskriftarlistinn var öllum opin. Engin kennitala er sett fram og því óljóst hversu margir hafa náð 18 ára aldri, og beinir hagsmunir fjölmargra á umræddum lista óljós.




HAFNARFJÖRÐUR

Í sama erindi kemur fram að auka ætti aðgengi að Víðistaðatúni og að við uppbyggingu á fyrirhuguðum stað myndi ásýnd svæðisins breytast mjög og að í stað þess að vera innrammað trjágróðri muni það verða innrammað tveggja hæða húsum. Jafnframt er óskað eftir svörum hvort hraunjaðarinn hafi glatað vermæti sínu. Áhrif umferðaraukningar og þ.m. umferðaröryggi ásamt því að útfærsla sé óásættanleg þegar kemur að hagsmunum skátafélagsins Hraunbúar. Er þá tekið fram að umferð um bílastæði skátanna sem muni verða að götu og að fyrirhugaðir djúpgámar muni þar að auki taka pláss nokkurra stæða auk þess sem gestir komandi íbúa munu nýta sér stæðin þegar mannfögnuður á sér stað í einu hinna nýju húsa.

Því er til svara að tillagan sem nú liggur fyrir gerir enn ráð fyrir að núverandi stígar meðfram hraunjaðri haldi sér. Jafnframt að almenningur eigi kost á því að nýta sér áfram stig milli húsanna sem liggja meðfram Hjallabrautinni. Tengingar inn á sjálft Víðistaðasvæðið verður því enn með sama móti og nú er.

Vissulega er mikill trjágróður á Víðistaðasvæði en ásýnd núverandi húsa þar við er hluti af umhverfinu. Skátaheimilið trónir þar hátt. Byggingin er fallega leyst og er ágætis dæmi um arkitektúr sem tekur mið af umhverfinu hvað varðar mælikvaðra og efnisval sem rýmar við hraunið og mosann. Skóli Hjallastefnunnar er þar við hliðina á og getur starfsemi skólans á skemmitlegan máta nýtt sér brekkuna niður að Víðistaðatúni fyrir leik og starf. Íbúðarhús setja einnig mikinn svip á jaðar svæðisins svo og Víðistaðaskóli og kirkjan.

Fyrirhuguð hús fara ekki lengra inn á Víðistaðatún heldur en skátaheimilið og eiga að standa á þegar manngerðu umhverfi. Skv. tillögu að deiliskipulagi er einnig gert ráð fyrir að yfirbragð verði grænt og að tré verði gróðursett líkt og gert hefur verið á núverandi mön.



Hér eru settar fram skýringarmyndir sem sýna að fyrirhuguð staðsetning nýrra íbúðarhúsa fara ekki lengra inn á Víðistaðatún heldur en skátaheimilið eða aðliggjandi byggð við Víðivang.




HAFNARFJÖRÐUR



Fyrirhugaðar byggingar færðar inn á loftmynd.

Hvað varðar umferð og umferðaraukningu vegna þeirrar uppbyggingar sem lagt er til hefur verið gerð umferðargreining unnin af verkfræðistofunni Mannvit, dags. 05.03.2019. Í þeirri samantekt er gert ráð fyrir 12 einbýlishúsum á svæðinu. Núverandi tillaga, sem auglýst hefur verið, gerir ráð fyrir 10 íbúðarhúsum. Samantektin tekur einnig á þeim breytingum sem þá lágu í farvatninu og snúa að Hrafnistu, uppbyggingu Garðaholts við Álfanesveg og lokun gamla Álftanesvegar við Prýðishverfi. Niðurstaða útreikninga þegar viðbótarbílaumferð vegna annarra uppbyggingar er bætt við ásamt Hjalldalur er að uppbyggingin hefur óveruleg áhrif. Einnig voru áhrif umferðarhávaða skoðuð. Þegar umferðaraukningin er reiknuð á núverandi veg er gert ráð fyrir að hljóðstig aukis um 1,3 dB m.v. alla ofangreinda uppbyggingu.



Skýringarmynd sem sýnir uppruna umferðaraukningar á Hjalldalur í framtíðinni. Heildaraukning sólarhingsumferðar er um 24% og þar af 3% vegna íbúðarhúsa meðfram Hjalldalur (m.v. 12 íbúðarhús sem upphafleg tillaga gerði ráð fyrir).



HAFNARFJÖRÐUR

Bílastæði á landi bæjarins hafa verið nýtt af skátunum en þau teljast til almennra stæða. Þar af leiðandi er ekki hægt að banna öðrum heimamönnum eða gestum að nýta þau til að leggja bílum sínum, sbr. athugasemd er snýr að mögulegri nýtingu þeirra vegna heimboða þeirra sem munu búa í hinum nýju húsum.

Ábendingar vegna fyrirkomulag innkeyrslu við ný hús gegnum framangreind bílastæði hafa verið tekin til greina og önnur aðkoma að svæðinu hefur verið í skoðun og til frekari útfærslu. Jafnframt er til skoðunar frekari útfærsla almennra stæða við götu og áhugi er á að koma fyrir stæðum með grænu yfirbragði.

Einnig verður hugað að umferðaröryggi á svæðinu og hvernig megi tryggja sem besta leið yfir Hjallabraut fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Skipulagsfulltrúi.